



Efni: Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.

Á 531. fundi stjórnar SSH, hinn 1. nóvember 2021, var ofangreint til umræða og eftirfarandi bókað í fundargerð:

2102010 - Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - Sóknaráætlun 2020-2024

Á 529. fundi stjórnar var áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

"Á 525. fundi stjórnar var samþykkt að halda áfram vinnu við verkefnið sbr. tillögur sem komu fram í minnisblaði verkefnastjóra. Þar skyldi skoða sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Þar skyldi horft til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hafði farið fram um verkefnið í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra var falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis. Formaður og framkvæmdastjóri SSH áttu fund með atvinnu- og nýsköpunarráðherra í júní 2021 til að ræða aðkomu ráðuneytisins. Fyrirliggjandi er tölvupóstur skrifstofu ferðamála og nýsköpunar dags. 7. september 2021 um aðkomu ráðuneytis að stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Þá er fyrirliggjandi minnisblað verkefnastjóra dags. 30. september 2021 um fjármögnun og tekjumódel fyrir árið 2022. Inga Hlín Pálsdóttir verkefnastjóri og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstóri eru gestir fundarins undir þessum lið. Inga Hlín Pálsdóttir kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar: Ofangreint verði sent til kynningar og umræðu hjá aðildarsveitarfélögum. Jafnframt verði þeim sveitarfélögum sem þess óska boðið upp á sérstaka kynningu um málið. Í framhaldi af því verður málið tekið fyrir á ný hjá stjórn."

Kynningar hafa nú farið fram hjá öllum bæjarráðum. Verkefnastjóri kynnir nýja tillögu um áframhald verkefnisins sem felur í sér að settur verður á fót samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífsins um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði verkefnastjóri til að stýra gerð áfangastaðaaætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið og annarrar stefnumótunar fyrir ferðamál á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við sveitarfélögin og hagsmunaaðila í atvinnulífinu. Verkefnið heyri undir SSH sem skipi stjórn samkvæmt tilnefningum og hvert sveitarfélag tilnefni fulltrúa í stefnuráð fyrir verkefnið. Þá eru fyrirliggjandi fundargerðir ráðgjafahóps verkefnisins.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomna tillögu um áframhald verkefnisins. Frekari kynning tillögunnar fari fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra endanlegt fyrirkomulag og samstarfssamning samkvæmt tillögu ráðgjafahópsins og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Óskir um kynningar, sbr. framangreint, berist Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, sem er tengiliður þessa verkefnis. Netfang hans er jon@ssh.is og símanúmer 8485271.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- Kynning fyrir stjórn SSH tillaga2_ssh_nov
- 1. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu
- 2. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu
- 3. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu
- 4. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu
- 5. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu
- 6. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu
- 7. fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu